

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR – 11. mars 2003

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 17. fundar þriðjudaginn 11. mars 2003 kl. 17,00 í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 33. fundar bæjarráðs frá 27. febrúar 2003.
2. Fundargerð 34. fundar bæjarráðs frá 6. mars 2003.
3. Fundargerð fræðslu-, íþróttá- og æskulýðsnefndar frá 25. febrúar 2003.
4. Fundargerð hafnar- og veitunefndar frá 5. mars 2003.
5. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 6. mars 2003.
6. Ráðning sviðsstjóra.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 33. fundar bæjarráðs frá 27. febrúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Nokkrar umræður urðu, að þeim loknum bar forseti fundargerðina upp, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
2. Fundargerð 34. fundar bæjarráðs frá 6. mars sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Umræður urðu, að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
3. Fundargerð fræðslu-, íþróttá- og æskulýðsnefndar frá 25. febrúar sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Umræður urðu um fundargerðina. Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
4. Fundargerð hafnar- og veitunefndar frá 5. mars sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði. Hún var samþykkt með samhljóða 7 atkvæðum.
5. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 6. mars sl. kynnt. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
6. Ráðning sviðsstjóra.

13 umsækjendur voru um starf sviðsstjóra fræðslu-, félags- og menningarsviðs hjá Blönduóssbæ. Bæjarstjóri kynnti umsóknir.

Fram var lögð svohljóðandi tillaga.

“Ráðning sviðsstjóra. Alls bárust 13 umsóknir um stöðu sviðsstjóra fræðslu-, félags- og menningarsviðs. Eftir að hafa yfirlit um umsóknir og

leitað umsagna telur bæjarstjórn Matthías Pál Imsland hæfastan af umsækjendum til að gegna stöðu sviðsstjóra.

Matthías er með BA gráðu í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, Mastergráðu í “European Affairs” frá Lund University í Svíþjóð, mastergráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og hefur stundað MBA nám við North Park University í Chicago þaðan sem hann kemur með þau meðmæli að vera einn besti nemandi sem stundað hefur MBA nám í sögu skólans. Matthías Páll hefur reynslu af stjórnun og hefur starfað sl. 3 ár sem rekstrarstjóri hjá Símanum. Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að ganga til samninga við Matthías Pál Imsland um stöðu sviðsstjóra fræðslu-, félags- og menningarsviðs.”

Tillagan borin undir atkvæði. Hún var samþykkt með 4 atkvæðum, 2 sátu hjá, 1 var fjarverandi Hjördís Blöndal vegna skyldleika við málið.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18,47.

Auðunn Sigurðsson
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Jóhanna G. Jónasdóttir
Valgarður Hilmarsson
Hjördís Blöndal

Valdimar Guðmannsson
Sigurður Jóhannesson
Ragnar Ingi Tómasson
Þórdís Hjálmarsdóttir